

LÖG

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Síðari málsliður 2. mgr. orðast svo: Svæðisskipulag skal taka til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli, sbr. þó 12. gr. a.
- b. 1. másl. 4. mgr. orðast svo: Viðkomandi sveitarstjórnir skulu í samráði við Skipulagsstofnun koma á fót samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags, sbr. þó 12. gr. a og 6. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. a, er orðast svo:

Skipulag miðhálandisins.

Miðhálandið markast af línu sem mótuð var við gerð svæðisskipulags miðhálandisins af sérstakri samvinnunefnd sem skipuð var samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði skv. 1. gr. laga nr. 73/1993. Samvinnunefnd miðhálandis eða hlutaðeigandi sveitarfélög geta, eftir að hafa haft samráð sín á milli, gert tillögur til ráðherra um breytingar á markalínu miðhálandisins. Tekur ráðherra afstöðu til slíkra tillagna og ákveður hvort gera skuli breytingar á markalínunni.

Eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar skipar ráðherra samvinnunefnd miðhálandis til fjögurra ára í senn sem gerir tillögu um svæðisskipulag miðhálandisins. Í nefndinni skulu eiga sæti 12 fulltrúar, einn tilnefndur úr hverju kjördæmi, einn af félagasamtökum um útivist, einn af félagsmálaráðherra og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar og fara með oddaatkvæði og hinn koma úr kjördæmi sem liggur að miðhálandinu en úr sveitarfélagi sem liggur ekki að því. Fulltrúar kjördæma sem liggja að miðhálandinu skulu tilnefndir af sveitarfélögum kjördæmisins sem eiga land að miðhálandinu. Fjórðungssamband Vestfjarða tilnefndir fulltrúa Vestfjarðakjördæmis, Reykjavíkurborg fulltrúa Reykjavíkurborgkjördæmis og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefna saman fulltrúa Reykjaneskjördæmis. Ráðherra er heimilt að skipa allt að fjóra áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt í nefndina.

Samvinnunefnd miðhálandis annast gerð svæðisskipulags miðhálandisins og gætir þess að samræmi sé innbyrðis með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga á svæðinu og að samræmi sé milli þeirra og svæðisskipulags miðhálandisins. Nefndin skal leita eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga við mótun tillögu að svæðisskipulagi. Þegar ný samvinnunefnd miðhálandis tekur til starfa skal hún meta hvort nauðsynlegt sé að endurskoða svæðisskipulag miðhálandisins.

Kostnaður við gerð svæðisskipulags miðhálandisins greiðist úr ríkissjóði.

Umhverfisráðherra setur samvinnunefnd miðhálandis starfsreglur að fenginni umsögn hennar og Skipulagsstofnunar.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, er orðast svo:

Kynning, auglýsing, samþykkt og staðfesting skipulags miðhálandisins.

Áður en tillaga að svæðisskipulagi miðhálandis er tekin til formlegrar afgreiðslu í samvinnunefnd miðhálandis skulu tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt á almennum fundi eða fundum eða á annan fullnægjandi máta og skal kynningin auglýst á áberandi hátt. Einnig skal tillagan kynnt hlutaðeigandi sveitarstjórnnum.

Að lokinni kynningu skv. 1. mgr. skal samvinnunefnd miðhálandis senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt.

Samvinnunefnd miðhálandis skal auglýsa tillögu að svæðisskipulagi miðhálandis eða breytingu á því á áberandi hátt. Tillagan skal a.m.k. auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og í Lögbirtingablaðinu. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en fjórar vikur. Tillagan skal liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, hlutaðeigandi sveitarfélögum og í öllum kjördæmum landsins. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum og að hver sá sem eigi gerir athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykkur henni.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal samvinnunefnd miðhálandis fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Niðurstaða samvinnunefndar miðhálandis skal auglýst. Ákveði samvinnunefnd miðhálandis að breyta tillögunni í grundvallaratriðum skal breytt tillaga auglýst á nýjan leik.

Þegar samvinnunefnd miðhálandis hefur samþykkt tillögu að svæðisskipulagi miðhálandis skal hún senda Skipulagsstofnun hana til afgreiðslu, ásamt athugasemdum og umsögn nefndarinnar um þær, innan átta vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir skv. 3. mgr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn nefndarinnar um þær.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga barst henni gera tillögu til umhverfisráðherra um staðfestingu svæðisskipulagsins, synjun eða frestun á staðfestingu að öllu leyti eða að hluta.

Umhverfisráðherra staðfestir svæðisskipulag miðhálandis og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Á eftir 14. gr. laganna kemur ný grein, 14. gr. a, er orðast svo:

Breyting á svæðisskipulagi miðhálandis.

Nú telur samvinnunefnd miðhálandis að breyta þurfi svæðisskipulagi miðhálandis og fer þá um málsmeðferð skv. 13. gr. a. Telji sveitarstjórn sveitarfélags sem telst til miðhálandis að breyta þurfi svæðisskipulaginu sendir hún samvinnunefnd miðhálandis rökstudda tillögu um breytinguna.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sé um að ræða aðalskipulagstillögu sem nær til miðhálandisins skal hún að auki auglýst í Lögbirtingablaðinu og liggja frammi hjá Skipulagsstofnun.
- b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er verður 3. másl. og orðast svo: Skipulagsstofnun leit- ar umsagnar samvinnunefndar miðhálandis um tillögur að aðalskipulagi sveitarfélaga innan miðhálandis, sbr. 3. mgr. 12. gr. a.

6. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Tillagan skal einnig auglýst í Lögbertingablaðinu og liggja frammi hjá Skipulagsstofnun.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

- a. 2. tölul. orðast svo: Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við áðurgerðan samning, sbr. þó 12. gr. a.
- b. 6. tölul. orðast svo: Kostnaður við gerð grunnkorta sem nauðsynleg eru vegna svæðis- og aðalskipulags skiptist til helminga milli Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélags nema í þeim sveitarfélögum sem árlega fá endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda, sbr. 3. tölul. og 12. gr. a.

8. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögumum bætist nýtt ákvæði sem orðast svo:

Í fyrsta skipti skal samvinnunefnd miðhálandis skipuð, sbr. 2. mgr. 12. gr. a laganna, þegar eftir gildistöku laga þessara fram til næstu reglulegu sveitarstjórnarkosninga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG**um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Í hverri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jafnt í nefndinni. Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa í nefndina til viðbótar en hann hefur ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni. Sömu reglur gilda um varamenn.